

## *Samstarfsnefnd Menntaskólans við Sund og félagsmanna í SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu gera með sér eftirfarandi stofnanasamning*

### **1. Gildissvið og gildistími**

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi við Menntaskólann við Sund. Gildistími samnings frá 1. maí 2006 til 30. apríl 2008.

### **2. Forsendur stofnanasamnings**

Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra frá 1. febrúar 2005 ber samstarfsnefndinni að ná samkomulagi um yfirfærslu starfa úr eldra launakerfi yfir í nýtt kerfi sem tekur gildi frá og með 1. maí 2006. Störfum skal raðað miðað við eðli starfs, ábyrgð og umfang þeirra. Við yfirfærslu í nýtt launakerfi skal gæta þess að yfirfærslukostnaður sé í samræmi við ákvæði kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra og gæta skal þess að enginn félagsmanna SFR lækki í dagvinnulaunum við yfirfærsluna.

Um önnur ákvæði kjarasamninga en þau sem hér er kveðið á um gilda ákvæði kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

### **3. Markmið**

Það er markmið að ný launasetning og röðun í störf verði til þess að fjölga þeim úrræðum sem skólinn hefur til að umbuna starfsmönnum og bregðast við margbreytilegum aðstæðum. Þannig verði til fleiri möguleikar á launasetningu sem gefi aðilum tækifæri á að þróa launakjör við skólann þannig að þau endurspegli vilja skólans til að standa í fremstu röð. Að vera í fremstu röð hvað varðar góða stjórnslu og góða starfshætti.

Möguleikar á launaþróun umfram það sem samið er um í þessum samningi byggir á að enn frekari hagræðing náist í rekstri skólans verði ekki ófyrirséðar breytingar á fjárheimildum umfram lágmarkskjör þannig að til komi hvatning til þess að bæta þjónustu og til að ýta undir nýjungar og frumkvæði.

#### 4. Launatafla

Frá 1. maí 2006 tekur eftirfarandi launatafla gildi:

	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
Lfr.	1	2	3	4	5	6
01	111.912	113.489	115.191	116.919	118.673	120.453
02	115.191	116.919	118.673	120.453	122.260	124.094
03	118.673	120.453	122.260	124.094	125.955	127.844
04	122.260	124.094	125.955	127.844	129.762	131.708
05	125.955	127.844	129.762	131.708	133.684	135.689
06	129.762	131.708	133.684	135.689	137.724	139.790
07	133.684	135.689	137.724	139.760	141.687	144.015
08	137.724	139.790	141.837	144.015	146.175	148.368
09	141.987	144.015	146.175	148.368	150.594	152.852
10	146.175	148.368	150.694	152.953	155.149	157.473
11	150.594	152.853	155.149	157.473	159.835	162.233
12	155.149	157.473	159.835	162.233	164.666	167.136
13	159.835	162.233	164.666	167.136	169.643	172.198
14	164.666	167.136	169.643	172.189	174.771	177.393
15	169.643	172.186	174.771	177.393	180.054	182.756
16	174.771	177.393	180.054	182.755	185.496	188.278
17	180.054	182.755	185.496	188.279	191.102	193.909
18	185.496	188.275	191.102	193.909	196.679	199.532
19	191.102	193.909	196.876	199.832	202.829	205.871
20	196.879	199.832	202.829	205.871	208.959	212.083
21	202.829	205.871	208.959	212.063	215.274	218.603
22	208.959	212.093	215.274	218.503	221.781	225.108
23	215.274	218.503	221.791	225.109	228.485	231.612
24	221.781	225.108	228.495	231.912	235.361	238.922
25	228.485	231.912	235.391	238.922	242.506	246.144
26	235.361	238.922	242.506	246.144	249.836	253.594
27	242.503	246.144	249.836	253.584	257.385	261.249
28	249.836	253.584	257.398	261.249	265.166	269.146
29	257.389	261.249	265.188	269.146	273.183	277.291
30	265.189	269.146	273.193	277.281	281.440	285.662
31	273.183	277.281	281.440	285.662	289.947	294.296
32	281.440	285.662	289.947	294.268	298.710	303.191
33	289.947	294.296	298.710	303.161	307.739	312.355
34	298.710	303.191	307.739	312.355	317.040	321.796
35	307.739	312.355	317.040	321.766	326.623	331.622
36	317.040	321.766	326.623	331.522	336.495	341.542
37	326.623	331.522	336.495	341.542	346.665	351.895
38	336.495	341.542	346.695	351.965	357.143	362.500
39	346.665	351.895	357.143	362.500	367.935	373.457
40	357.143	362.500	367.938	373.457	379.059	384.745
41	367.939	373.457	379.059	384.745	390.515	396.374
42	379.059	384.745	390.516	396.374	402.320	408.255
43	390.518	396.374	402.320	408.365	414.480	420.697
44	402.320	408.355	414.490	420.667	427.007	433.412
45	414.480	420.697	427.037	433.412	439.913	446.612

#### 5. Laun

##### 5.1 Hækkun á launatöflu

1. janúar 2007 skulu laun hækka um 2,25%

1. janúar 2008 skulu laun hækka um 2,00%

##### 5.2 Styrking og þróun launakerfis

Þann 1. maí 2007 skal verja 2,00% launasummu til þróunar og styrkingar á nýju launakerfi í samræmi við ákvæði 3. greinar kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

## 6. Röðun starfa

### 6.1 Grunnröðun starfa

Baðvörður: Grunnröðun 050  
Fulltrúi á skrifstofu: Grunnröðun 090  
Skrifstofustjóri: Grunnröðun 130  
Matráður: Grunnröðun 090  
Rekstrarstjóri: Grunnröðun 140  
(gildistími frá 1. maí 2006. Sjá einnig bókun 1 með samningi)

### 6.2 Viðbótarforsendur vegna röðunar

#### 6.2.1 Starfsreynsla

Í viðkomandi starfi eða sambærilegu (hámark 4 launaflokkar)

- Eftir 1. ár = 1 lfl.
- Eftir 3. ár = 1 lfl.
- Eftir 6. ár = 1 lfl.
- Eftir 9 ár = 1 lfl.

Heimilt er að meta aðra starfsreynslu til alls að 3. ára ef starfsmaður er 40 ára eða eldri.

#### 6.2.2 Menntun

6.2.2.1 Grunnmenntun: Hámark tveir launaflokkar (gildir fyrir alla aðra en rekstrarstjóra)

Starfsmenn með að minnsta kosti tveggja ára formlega starfsmenntun ráðast einum launaflokki hærra en ella. Starfsmenn með meistaraþróf eða sambærilegt ráðast tveimur launaflokkum hærra en ella.

6.2.2.2 Námskeið/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem er viðurkennd skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar

#### 6.2.3 Sérverkefni og aðrir tímabundnir þættir

6.2.3.1 Sérverkefni: Heimilt er að hækka launaröðun starfsmanns tímabundið vegna sérverkefna sem honum er falið að sinna eða vegna tímabundinna álagsbreytinga sem fyrirséð er að verði á starfi hans. Gera skal, samstarfsnefnd, hverju sinni, skriflega grein fyrir þeim forsendum sem valda breytingu á launaröðun starfsmanns og til hvers tíma breyting á launaröðun tekur.

6.2.3.2 Aðrir tímabundnir þættir: Sérstök tímabundin umbun (hámark 30 þúsund á mánuði). Heimilt er að greiða sérstaka tímabundna umbun umfram mánaðarlaun skv. ákvæðum kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra vegna þátta sem eru ekki sambærilegir ákvæðum stofnansamnings. Umbun þessi greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara.

#### 6.2.4 Árangurstenging launa

Samstarfsnefnd MS og félagsmanna í SFR stefnir að því að kanna möguleika á árangurstengingu launa félagsmanna í SFR við MS.

4  
Sig M.V.

## 7. Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd aðila starfar skv. grein 11.5 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir þessum samningi og leita lausna á þeim álitamálum og ágreiningsefnum sem upp kunna að koma. Um aðra starfshætti fer að öðru leyti skv. gr. 11.6.

Báðir aðilar samningsins geta vísað málum til nefndarinnar vegna framkvæmdar samningsins.

## 8. Annað

Samningsaðilar eru sammála um að með áframhaldandi þróun stofnansamnings verði stefnt að því að styrkja enn frekar kjör þeirra lægst launuðu og hækka grunnlaun.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3. mánaða fyrirvara.

Reykjavík 27. september 2006,

F.h. Félagsmanna í SFR

Sigurður F. Þóroddsson  
Þorbjörg Jónsdóttir

F.h. Menntaskólans við Sund

Allan Vilhjálmsen  
Hjördís Þorgeirsdóttir

Sig<sup>5</sup> MJ.

### **Bókun 1**

Áskilið er að breyting á grunnröðun fulltrúa á skrifstofu og skrifstofustjóra frá 1. maí 2006 sem birt er í grein 6.1 er háð því að breyting verði á vinnuskilum frá og með 1. janúar 2007. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir að skil vinnutíma sé í samræmi við ákvæði um vinnutíma í samningi SFR og fjármálaráðherra.

### **Fylgiskjal 1**

#### **Kostnaðarmat á yfirfærslu í nýtt launakerfi.**

Samkvæmt mati á kostnaði á yfirfærslu í nýtt launakerfi er beinn kostnaðarauki við flutninginn frá 1. maí að telja 5,9%. Meðalhækkun launa er hins vegar 6,2% frá sama tíma að telja. Hækkun launa við yfirfærslu í nýtt launakerfi er á bilinu 3,0% til 7,7%.

Ákvæði um mat á annarri starfsreynslu í lið 6.2.1 mun hafa bein áhrif til hækkunar launa frá 1. ágúst 2006 og á ný frá 1. ágúst 2007, ef ekki verða breytingar á starfsfólki við skólann.

*Sig. T. G.*  
m.v.



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

## Samstarfsnefnd Menntaskólans við Sund og félagsmanna í SFR – stéttarfélag í almannajónustu, gera með sér eftirfarandi samkomulag um breytingu á stofnanasamningi aðila

Samkomulag þetta er gert með tilvísan í ákvæði miðlægs kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra um þróun og aðlögun á stofnanasamningi með gildistíma frá 1. maí 2007.

Aðilar eru sammála um að það fjármagn sem ætlað er í þessa breytingu (2% + 1,2%) verði ráðstafað með neðangreindri breytingu á grunnröðun starfa félagsmanna í SRF sem starfa við Menntaskólann við Sund. Aðilar eru sammála um að þessi breyting grunnröðunar taki gildi frá og með 1. september 2007 en ekki 1. maí 2007 eins og gert var ráð fyrir í samningi SFR og fjármálaráðherra.

### Breyting á grunnröðun starfa

Samkomulag er um að breyta grunnröðun starfa með eftirfarandi hætti frá og með 1. septmeber 2007;

Starf	Grunnröðun ágúst 2007	Grunnröðun frá 1. september 2007
Baðvörður	05	07
Fulltrúi á skrifstofu	09	12
Skrifstofustjóri	13	15
Rekstrarstjóri	14	16

### Kostnaðarmat

Aðilar eru sammála um að áðurnefnd breyting grunnröðunar frá og með 1. september 2007 jafngildir á árinu 2007 að fullu 3,2% meðalhækkun launa með gildistíma frá og með 1. maí 2007. Aðilar eru jafnframt sammála um að áðurnefnd breyting grunnlauna skili félagsmönnum SFR sem starfa við MS betri kjörum þegar lítið er til lengri tíma.

Reykjavík 24. ágúst 2007,

Fyrir hönd félagsmanna í SFR

*Sigurður Þorgeirsson*  
*Þorbjörg Jónsdóttir*

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

*Matthías Hjálmarsson*  
*Hjördis Þryggvassdóttir*

## Fylgiskjal

með stofnanasamningi SFR og Menntaskólans við Sund dagsettu 27.  
september 2006 um breytingu á grunnröðun starfa frá og með  
01. júní 2016.

Aðilar gera með sér svofellt samkomulag um breytingu á grunnröðun vegna bóknar 4 í  
kjarasamningi SFR og ríkisins frá 28. október 2015.

Samkomulag er um að frá og með 1. júní 2016 hækkar grunnröðun starfa um þrjá launaflokka.

- Af þessu leiðir að laun félagsmanna SFR hækka um þrjá launaflokka frá og með 1. júní 2016

Reykjavík 24. nóvember 2016

F.h. Menntaskólans við Sund



F.h. SFR – stéttarfélags í almannajónustu

